

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 22. maí 2026

Tillaga um merkingar við gömul bæjar- og sveitarfélagamörk Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar felur starfsmönnum að undirbúa og standa að uppsetningu skilta við gömul bæjar- og sveitarfélagamörk Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna, auk skilta við helstu innkomuleiðir í þessa bæjarhluta. Við undirbúninginn verði horft til sambærilegra merkinga, svo sem þeirra sem sjá má í sveitarfélaginu Árborg, þar sem staðarheitið Stokkseyri er merkt með skýrum og áberandi hætti.

Við sameiningu sveitarfélaga er mikilvægt að halda til haga sögu og sérkenni þeirra sveitarfélaga sem hafa verið sameinuð. Slíkar merkingar geta styrkt staðarvitund íbúa, varðveitt söguleg staðarheiti og gert skil milli bæjarhluta skýrari.

Á Suðurnesjum hefur þessi þróun þegar átt sér stað. Keflavík, Njarðvík og Hafnir sameinuðust í Reykjanesbæ árið 1994 og síðar sameinuðust Garður og Sandgerði í Suðurnesjabæ. Þá hefur á undanförunum árum einnig verið umræða um frekari sameiningu sveitarfélaga á svæðinu. Í ljósi þeirrar þróunar er mikilvægt að huga tímanlega að því hvernig staðarheiti og bæjarhlutar eru sýnilegir innan stærri stjórnsýslueininga.

Slíkar skýrar merkingar bæjarhluta geta haft hagnýtt og öryggislegt gildi, meðal annars þegar greina þarf á milli hverfa, bæjarhluta, eða staða með sambærilega eða sömu götuheiti. Nefna má að upp hefur komið tilvik í Reykjanesbæ þar sem sjúkrabíll fór í rangt hús vegna sama götuheitis í sameinuðu sveitarfélagi.

Þar sem eldri heiti bæjarhluta, svo sem Keflavík, Njarðvík og Hafnir, hafa áfram menningarlegt, sögulegt og hagnýtt gildi, er lagt til að starfsmönnum verði falið að skoða hentugar staðsetningar og útfærslu á slíkum merkingum og að í framhaldinu verði hafist handa við að setja slíkar merkingar upp fyrir Ljósanótt í haust.

Sérstaklega verði skoðað hvort setja megi upp skilti á þeim stað þar sem áður voru skil milli Njarðvíkur og Keflavíkur, meðal annars við gatnamót Njarðarbrautar og Þjóðbrautar, auk merkinga við innkomu í bæjarhlutana.

Með tillögunni fylgir mynd af sambærilegu skilti við innkomu á Stokkseyri, sem er hluti af sveitarfélaginu Árborg.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við merkingarnar verði greiddur af núverandi fjárveitingum til USK.

